

VI. KAFLI

Ökuhraði.

Hámarkshraði ökutækja innan marka Hafnar er eftirfarandi:

1. Þjóðvegur (Hafnarbraut) frá bæjarmörkum að pípuhliði 90 km/klst
2. Á öllum öðrum götum og vegum en að framan greinir 45 km/klst

VII. KAFLI

Umferðarmerki.

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki og umferðarmerkingar til þess að gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð, sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum og öðrum þeim leiðbeiningum, sem ástæða þykir til að hafa.

VIII. KAFLI

Gildistaka og fleira.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum, öðlast þegar gildi.

Úr gildi falla eldri auglýsingar um umferð, svo og allar aðrar reglur um umferð í bænum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.m.t. ákvæði 67. gr. lögreglusamþykktar fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 76/1969 um 35 km almennan hámarkshraða í bænum.

Lögreglustjórinn í Austur-Skaftafellssýslu, 23. janúar 1990.

Páll Björnsson.

AUGLÝSING**um breytingar á skipulagi menntamálaráðuneytisins.**

Í tengslum við endurskoðun á skipulagi og starfsháttum menntamálaráðuneytisins hefur verið ákveðið að stofna sérstaka skrifstofu er fjalli um rekstur ráðuneytisins og sameiginlega þjónustu. Undir þessa skrifstofu, sem nefnist *almenn skrifstofa*, fellur m.a. starfsmannahald ráðuneytisins, umsjón með gagnavinnslu, skjalavarsla, almenn afgreiðsla og lögfræði-þjónusta.

Jafnframt hefur verið ákveðið að afgreiðsla mála er varða starfsmannahald stofnana á stjórnarsýslusviði menntamálaráðuneytisins verði á hendi sérstakrar deildar í fjármálaskrifstofu, svo og að sameina framhaldsskóladeild og verk- og tæknimenntunardeild skólamála-skrifstofu í eina deild er nefnist framhaldsskóladeild.

Þau ákvæði auglýsingar nr. 516/1984, um skipulag menntamálaráðuneytisins, sem fara í bága við framangreinda skipan eru hér með felld úr gildi.

Auglýsing um frekari breytingar sem fyrirhugaðar eru á verkaskiptingu og deildaskipan í ráðuneytinu verður birt síðar.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.